

## VIÐAUKI

### við gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar vegna útleigu á íþróttamiðstöð fyrir aðra starfsemi en íþróttaviðburði

#### 1. gr.

Heimilt er að leigja félagasamtökum Íþróttamiðstöðina undir ráðstefnur, fundi, vörukynningar, tónleika, dansleiki og aðra mannfagnaði fyrir almenning, félagasamtök og opinberar samkomur ef annað húsnæði í bæjarfélaginu sem er í útleigu hentar ekki eða er ekki laust á þeim tíma sem sótt er um.

#### 2. gr.

Leggja skal inn umsókn um leigu til forstöðumanns íþróttamannvirkja Fjallabyggðar. Úthlutar umsýjarnamaður húsinu að fengnu samþykki fræðslu og frístundanevndar/bæjarstjórnar Fjallabyggðar. Ekki er tekið við umsóknum með meira en 12 mánaða fyrirvara.

#### 3. gr.

Verði leiga íþróttasalar samþykkt samkvæmt ofangreindu þarf leigutaki að gangast undir eftirfarandi skilyrði:

- Leigutaki tilgreinir ábyrgðaraðila sem gengur persónulega í ábyrgð fyrir skaða og tjóni sem hugsanlega getur orðið á munum og mannvirki á leigutíma.
- Leigutaki ber allan kostnað af undirbúningi, framkvæmd og frágangi vegna leigu íþróttasalar.
- Strangar kröfur um gæslu sem leigutakar leggja sjálfir fram.
- Starfsmaður íþróttamiðstöðvar sé á vakt og gæti hann að undirbúningi og vörnum í sal og húsnæði til að sporna við tjóni.
- Reykingar og notkun áfengis er bannað í og við íþróttamiðstöð. Áfengisveitingar eru heimilar í undantekningartilfellum og þarf að sækja um það sérstaklega til fræðslu og frístundanevndar/bæjarstjórnar.
- Ef áfengisveitingar eru leyfðar skulu lög og reglur um aldurstakmark vera virtar án nokkurra undantekninga. Leyfisveitingar skulu vera í lagi.
- Eftir útleigu skal forstöðumaður íþróttamannvirkja taka út ástand hússins og gera strax skriflegar athugasemdir ef einhverju er ábótavant. Ber leigutaka að bæta tjón sem hlotist hefur.

#### 4. gr.

Gjaldskrá vegna útleigu íþróttamiðstöðvar til stærri viðburða. Leiga skal greidd fyrirfram.

##### A. Salarleiga

- |   |             |
|---|-------------|
| 1. Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst.                                 | 43.830 kr.  |
| 2. Fyrir allan íþróttasalinn í sólarhring                         | 138.560 kr. |
| 3. Fyrir allan íþróttasalinn í eina helgi                         | 265.150 kr. |
| 4. Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 20% álag ofan á salarleigu. |             |
| 5. Þrifgjald maður pr. klst.                                      | 6.355 kr.   |

##### B. Salarleiga og sundlaug

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst.                                  | 61.365 kr.  |
| 2. Fyrir allan íþróttasalinn og sundlaug í sólarhring              | 184.735 kr. |
| 3. Fyrir allan íþróttasalinn og sundlaugina yfir eina helgi        | 383.490 kr. |
| 4. Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 20 % álag ofan á salarleigu. |             |
| 5. Þrifgjald maður pr. klst.                                       | 6.355 kr.   |

*C. Salarleiga, sundlaug og líkamsrækt*

1. Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst.	80.860 kr.
2. Fyrir alla íþróttamiðstöðina í sólarhring	248.190 kr.
3. Fyrir alla íþróttamiðstöðina yfir eina helgi	496.340 kr.
4. Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 20% álag ofan á salarleigu.	
5. Þrifgjald maður pr. klst.	6.355 kr.

*D. Salarleiga og líkamsrækt*

1. Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst.	63.550 kr.
2. Fyrir allan íþróttasalinn og líkamsræktina í sólarhring	201.590 kr.
3. Fyrir allan íþróttasalinn og líkamsræktina eina helgi (föst-sun)	383.490 kr.
4. Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 20% álag ofan á salarleigu.	
5. Þrifgjald maður pr. klst.	6.355 kr.

*E. Sundlaug*

1. Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst.	18.620 kr.
2. Fyrir sundlaugina í sólarhring	49.300 kr.
3. Fyrir sundlaugina eina helgi (föst-sun)	118.340 kr.
4. Vínveitingar eru ekki leyfðar í sundlaug	
5. Þrifgjald maður pr. klst.	6.355 kr.

*F. Líkamsrækt*

1. Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst.	21.935 kr.
2. Fyrir líkamsræktina í sólarhring	65.750 kr.
3. Fyrir líkamsrækt eina helgi (föst-sun)	125.990 kr.
4. Vínveitingar eru ekki leyfðar í líkamsrækt	
5. Þrifgjald maður pr. klst.	6.355 kr.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 30. nóvember 2022.